## Áskorun til borgarstjóra, borgarstjórnar og lóðareigenda

## vegna lóða Bræðraborgarstígs 3 og 1 sem áður hét Vesturgata 47.

**Undirritaðir nágrannar leggja til að leitað verði samninga til þess að Reykjavíkurborg geti eignast ofangreindar lóðir, með skiptum eða kaupum, af eftirfarandi ástæðu.**

- **Mikilvægi menningararfleifðar**
- **Varðveisla eins elsta byggðamynsturs borgarinnar**
- **Möguleika á að endurheimta í hverfið horfið hús.**
- **Vöntun á grænu svæði fyrir íbúa**
- **Vöntun á leiksvæði fyrir börnin**
- **Tenging opinna svæða við þróunarsvæði við höfnina**
- **Virðing við fórnarlömb brunans á Bræðraborgarstíg 1**
- **Minnisvarði fyrir mannskæðasta bruna í sögu Reykjavíkur**




**Árið 1870 bjuggu 2024 íbúar í Reykjavík. Vesturgata er ein af langelstu götum borgarinnar. Uppdráttur frá 1876 sýnir hús sem stóð á Vesturgötu 47 sem þá hét Hlíðarhúsastígur.**



**Uppdráttur frá 1887 sýnir húsin á Vesturgötu 45, 47 og 51 (49 var ekki til). Ívarssel lengst til hægri.**



**Ljósmynd : Til hægri Vesturgata 45 og Vesturgata 47 sem stóðu á lóð sem nú heitir Bræðraborgarstígur 1.**



**Ljósmynd frá 1890: Vesturgata 51 til hægri og Vesturgata 44 vinstra megin götunnar. Trúlega sést í húsið Nýlendu lengst til vinstri (er á Árbæjarsafni).**



**Ívarssel til vinstri var byggt 1869 stóð við Vesturgötu 66b og er nú á Árbæjarsafni.**





mbl.is Mánudagur, 5. júlí 2021 FINNA

Forsíða Viðskipti 200 mílur Íþróttir Enski boltinn Fólkið Smartland Matur Börn Ferðalög

4. maí 2005 | Innlendar fréttir | 87 orð | 1 mynd

## Ívarssel flutt á Árbæjarsafn

ÍVARSSEL kvaddi Vesturgötuna í nótt. Húsið þurfti að víkja af sinni upprunalegu lóð vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á svæðinu. Húsið, sem var byggt árið 1869, var flutt á Árbæjarsafnið þar sem það mun standa sem sýningarhús.

Verktakar koma Ívarsseli fyrir uppi á flutningabíl í gærkvöldi, en húsið lagði af stað upp að Árbæjarsafni í nótt. — Morgunblaðið/Árni Sæberg

ÍVARSSEL kvaddi Vesturgötuna í nótt. Húsið þurfti að víkja af sinni upprunalegu lóð vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á svæðinu. Húsið, sem var byggt árið 1869, var flutt á Árbæjarsafnið þar sem það mun standa sem sýningarhús.

Ívarssel var einn af Selsbæjunum svokölluðu en hinir nefndust Stórasel, Litlasel og Jórunnarsel. Húsið mun vera elsta hús í vesturbæ Reykjavíkur, vestan Garðastrætis. Húsadeild Minjasafns Reykjavíkur telur húsið hafa mikið sögulegt gildi. Það sé verðugur fulltrúi tómthúsa frá seinni hluta 19. aldar og lýsi vel híbýlum tómthúsmanna og sjómanna í vesturbæ Reykjavíkur.

Mæla með Nýskráðu þig til að sjá hverju vinir þínir mæltu með.

Til baka | Leita í greinasafni | Prenta grein | © Höfundaréttur



**Ívarssel stendur nú á Árbæjarsafni og bíður þess að vera gert upp.**

Upplagt væri að flytja Ívarssel aftur heim á Vesturgötuna þar sem Vesturgata 47 stóð. Þar sem mun fleiri gætu notið þess, það myndi styrkja götumyndina og gamla byggðamynstrið sem er svo einstakt og áhugavert með elstu tómthúsum Reykjavíkur. Við eigum svo lítið eftir af gömlum timburhúsum sem mynda samstæða heild, frá þessum merkilegu tímum og umrædd hús voru svipuð í stærð og hlutföllum eins og sjá má á myndunum.

Mikið svæði yrði eftir á lóðinni sem grænt svæði fyrir útivist og leiktæki. Húsið Bræðraborgarstígur 3 mun þá líka geta notið sín með fallegan gafl sem snýr að opna svæðinu sem það tengist.

Ekki er neitt samkomuhús í hverfinu og myndu húsin sóma sér vel fyrir slíka notkun.

Gott pláss yrði einnig fyrir minnisvarða um brunan og fórnarlömbin.



Samsett mynd sem sýnir Ivarssel á lóðinni og hugmynd af gafli á Bræðraborgarstíg 3.




Grunnmynd sem sýnir umræddar lóðir með Ívarsseli á Vesturgötu 47 og tengingu við lítinn leikvöll og fyrirhugaðar byggingar við sjávarsíðuna.

**UNDIRSKRIFTIR**

Anna Kristjánsdóttir prófessor emerita

Andri Þór Kristinsson þjálfari

Arna Bjartmarsdóttir vörustjóri

Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir lögfræðingur

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur

Ásgerður Kjartansdóttir sérfræðingur

Astrid Lelarge sagnfræðingur, aðjúnkt

Ástþrúður Sif Sveinsdóttir upplýsingafræðingur

Auður Aðalsteinsdóttir nýdoktor

Birgir Þ. Jóhannsson arkitekt, forstjóri Alternance

Borgar Magnason tónlistarmaður

Chris Lund ljósmyndari

Daði Guðbjörnsson listmálari

Elín R. Jónsdóttir verkfræðingur

Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndaklippari

Freysteinn Sigmundsson jarðeðlisfræðingur

Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri Hagþenkis

Guðmundur Albert Harðarson verkfræðingur

Guðlaug Elísabet Finnsdóttir kennari

Guðrún Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur

Gunnar Hersveinn rithöfundur

Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri

Gísli Magnússon prófessor

Gróa Þóra Pétursdóttir líffræðingur

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir nýdoktor

Hafþór Bryndísarson

**Helga Guðrún Friðriksdóttir gullsmiður**

**Heimir Sigurðsson framkvæmdastjóri**

**Helene Magnússon prjónahönnuður**

**Hjördís Harðardóttir nýdoktor**

**Hlín Erlendsdóttir fiðluleikari**

**Hrappur Magnússon listamaður**

**Hrönn Marinósdóttir stjórnandi**

**Ingibjörg Helgadóttir hjúkrunarfræðingur**

**Ingibjörg Jónsdóttir verkefnastjóri á mannauðsskrifstofu**

**Ingunn Lára Brynjólfsdóttir klæðskeri**

**Irma Erlingsdóttir prófessor**

**Jón Snædal læknir**

**Kjartan Páll Sveinsson skipstjóri**

**Kristjana Guðbjörg Grímsdóttir viðskiptafræðingur**

**María Ellingsen leikkona**

**Orri Finnbogason gullsmiður**

**Ólafur H Samúelsson sérfræðingur í Lyf og Öldrunarlækningum**

**Phoebe Jenkins hönnuður**

**Ragnar Heiðar Harðarson rakari**

**Sigrún Sigríðardóttir verkefnisstjóri**

**Silja Lind Þrastardóttir**

**Soffía Þorsteinsdóttir leikskólakennari**

**Sturla Einarsson tónlistarkennari**

**Stella Sæmundsdóttir kaupmaður**

**Sveinn S. Kjartansson framkvæmdastjóri**

**Tryggve Folkeson verkfræðingur**

**Þórunn Björnsdóttir tónlistarkona**